


Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga árið 2024

Þriggja ára áætlun 2025-2027

Greinargerð



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR



Efnisyfirlit

- Inngangur bæjarstjóra
- Hornsteinar fjármála sveitarfélaga
- Áherslur og helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar
- Markmiðasetning
- Forsendur fjárhagsáætlunar
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingar
- Málaflokkar





SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Leiðin að sjálfbærum rekstri í ört stækkandi sveitarfélagi

Það sem af er ári hefur íbúum fjölgað ört í Sveitarfélaginu Vogum. Í ársbyrjun voru íbúar 1.396 talsins en voru orðnir 1.566 í byrjun desember, sem samsvarar rúmlega 12% fjölgun íbúa á innan við einu ári. Svo ör fjölgun á sér vart fordæmi hér á landi á síðustu áratugum, a.m.k. ekki hjá stærri og meðalstórum sveitarfélögum. Miðað við framvindu byggingarframkvæmda í sveitarfélaginu og framboð nýs íbúarhúsnæðis má gera ráð fyrir að íbúafjölgunin haldi áfram á a.m.k. sama hraða á næsta ári. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að í árslok verði íbúar í sveitarfélaginu orðnir 1.850 talsins eða um 32,5% fleiri en þeir voru í ársbyrjun 2023.

Auknum íbúafjölda fylgja eðlilegar kröfur um aukið framboð þjónustu, s.s. fjölgun leikskólalássa og aðstöðu fyrir fleiri grunnskólabörn. Á næstu misserum og árum verður því lögð höfuðáhersla á að byggja upp nauðsynlega innviði og viðhalda góðri þjónustu við nýja íbúa jafnt sem eldri. Til þess að þær áætlanir geti gengið eftir og sveitarfélagið geti áfram tryggt íbúum sínum góða þjónustu, þarf rekstur sveitarfélagsins að styrkjast talsvert frá því sem verið hefur síðustu ár.

Síðustu ár hefur verið töluverður halli á rekstri Sveitarfélagsins Voga en frá og með árinu 2019 hefur rekstur sveitarfélagsins skilað neikvæðri rekstarniðurstöðu á hverju ári. Miðað við útkomuspá fyrir árið 2023 er samanlagður halli síðustu fimm ára áætlaður um 660 milljónir króna á verðlagi hvers árs og veltufé frá rekstri er talsvert langt undir árlegum afborgunum lána. Við slíkar aðstæður er óhjákvæmilegt annað en að velta við hverjum steini, forgangsraða útgjöldum í samræmi við lögbundnar skyldur og leita allra leiða til að hagræða í rekstri. Í slíkri stöðu þurfa allir að leggjast á eitt og vinna saman að settu marki.

Svo rekstur sveitarfélagsins geti talist sjálfbær, þarf hann að skila tekjum sem ekki aðeins duga til að greiða rekstrargjöld. Tekjuna þurfa einnig að duga fyrir nauðsynlegum fjárfestingum, viðhaldi eigna og afborgunum lána. Sveitarfélög þurfa, eins og aðrir rekstraraðila, iðulega að fjármagna stærri fjárfestingar tímabundið með lántökum. Á hinn bóginn verður reksturinn til lengri tíma að skila nægjanlegri framlegð til að standa undir afborgunum.

Við undirbúning fjárhagsáætlunar var lögð megin áhersla á að styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins með hagræðingu á öllum sviðum og markvissari forgangsroðun útgjalda. Markmiðið er að sveitarfélagið uppfylli skilyrði laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri og geti staðið undir fyrirsjáanlegri þörf fyrir innviðauppbyggingu samhliða mikilli fjölgun íbúa. Um þau markmið hefur ríkt breið og góð samstaða innan bæjarstjórnar og er framlögð fjárhagsáætlun afrakstur samvinnu fulltrúa allra flokka sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn. Þakka ég kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag og gott og árangursríkt samstarf við undirbúning fjárhagsáætlunar.

Sveitarfélaginu Vogum, 13. desember 2023

Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Hornsteinar fjármála sveitarfélaga



Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á fjárhag sveitarfélaga. Þeim ber að tryggja að ákvæðum laga um fjármál sveitarfélaga sé fylgt. Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstkomandi ár og til næstu fjögurra ára.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Þeim skyldum skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:



Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (**Jafnvægisregla**).



Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum (**Skuldaregla**).

Fjárhagsáætlun er bindandi ákvörðun

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um þann ramma sem unnið skal eftir við undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur um fjárhagsáætlun komandi árs er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins.

Ef víkja þarf frá samþykktri fjárhagsáætlun ber sveitarstjórn að samþykkja sérstakan viðauka við hana.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Áherslur og helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar



- Í áætlun ársins 2024 er lögð höfuðáhersla á að styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins með hagræðingu á öllum sviðum og markvissari forgangsröðun útgjalda.
- Markmiðið er að sveitarfélagið uppfylli skilyrði laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri og geti staðið undir fyrirsjálegri þörf fyrir innviðaupbyggingu.
- Almennt er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun
- Útsvarsprósenta verður óbreytt, eða 14,74%.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatta verður óbreytt á milli ára.
- Fjárfestingum verður haldið í lágmarki á árinu 2024 en gert er ráð fyrir auknum nýfjárfestingum á árunum 2025-2027.

Rekstrarniðurstaða

A-hluti	A- og B-hluti
62,5 mkr.	90,1 mkr.

Veltufé frá rekstri

A-hluti	A- og B-hluti
213 mkr.	249 mkr.

Skuldaviðmið A- og B-hluta

72,9%

Rekstrarniðurstaða % af tekjum

A-hluti	A- og B-hluti
3,4%	4,1%

Veltufé frá rekstri % af tekjum

A-hluti	A- og B-hluti
10,1%	11,3%

Skuldahlutfall A- og B-hluta

92,5%

Launahlutfall

A-hluti	A- og B-hluti
52,9%	51,8%

Framlegðarhlutfall

A-hluti	A- og B-hluti
11,7%	13,0%

Fjárfestingar A- og B-hluta

158 mkr.
7% af tekjum.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Markmiðasetning



Áfram verður unnið á grundvelli eftirfarandi markmiðasetningar sem samþykkt var í kjölfar úttektar á rekstri sveitarfélagsins og lögð var til grundvallar fjárhagsáætlun þeirri sem bæjarstjórn samþykkti í desember 2021 með breytingum sem taka mið af niðurstöðum ársreiknings 2022 og útkomuspá fyrir árið 2023:

- Að sveitarfélagið uppfylli á hverjum tíma viðmið fjármálareglna sveitarfélaga um skuldir og rekstrarjafnvægi
- Að samstæða sveitarsjóðs hafi burði til að fjárfesta í innviðum fyrir að minnsta kosti 300 m.kr. árlega
- Áhersla verði lögð á að fjárfesta í verkefnum sem stuðla að fjölgun íbúa og atvinnutækifærum, en auka ekki verulega rekstrarkostnað
- Að frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur sveitarfélagsins árlega rekstrarafgangi
- Að frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 10% af rekstrartekjum
- Að frá og með árinu 2025 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 15% af rekstrartekjum.

Þrátt fyrir að talsverður árangur hafi náðst síðustu ár í að styrkja rekstur sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun 2024 geri ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu er ljóst að áfram þarf að vinna markvisst að því að ná tilsettum markmiðum á næstu árum. Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að framlegðarhlutfall samstæðu verði 11,7% en samkvæmt langtímaáætlun vantar enn nokkuð uppá að markmið 15% framlegð af rekstrartekjum náist frá og með árinu 2025.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Forsendur fjárhagsáætlunar



Hagvöxtur

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands mun draga úr hagvexti á næsta ári. Er spáð 2,5% hagvexti á árinu 2024 sem er talsvert minni vöxtur en undanfarin ár.



Verðbólga

Hagstofan áætlar að verðbólga á yfirstandandi ári verði um 8,7% en muni hjaðna hægt á næstu árum og verði um 5,6% á næsta ári.



Íbúapróun

Í ársbyrjun 2023 voru íbúar sveitarfélagsins 1.396 talsins en voru orðnir 1.566 í byrjun desember. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að í árslok verði íbúar í sveitarfélaginu orðnir 1.850 talsins eða um 32,5% fleiri en þeir voru í ársbyrjun 2023.



Kjarasamningar


Kjarasamningar starfsfólks sveitarfélaga gilda almennt til loka mars 2024 en kjarasamningar kennara til loka maí. Tekið er tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.



Óvissupættir

Líkt og fyrri ár ríkir talsverð óvissa um þróun ytri aðstæðna og framvindu efnahags- og kjaramála á næstu misserum og árum. Óvissan snýr meðal annars að verðbólguþróun, kjarasamningum, alþjóðlegri efnahagsþróun og áhrifum stríðsátaka í heiminum. Til viðbótar bætist óvissa vegna áhrifa jarðhræringa á Reykjanesi.

Íbúafjöldi og áætluð þróun 2013-2027



Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar

Fjárhagsáætlun 2024-2027 m.kr.

	Raun	Útkomuspá	Áætlun			
Rekstrarreikningur	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Skatttekjur	1.454	1.677	1.945	2.106	2.272	2.406
Aðrar tekjur	233	204	262	271	278	286
Rekstrargjöld	1.608	1.752	1.921	2.058	2.197	2.342
Afskriftir	64	66	69	73	83	93
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	14	63	218	246	271	257
Fjármagnsliðir	123	158	128	112	110	115
Rekstrarniðurstaða	(109)	(95)	90	134	161	142
Efnahagsreikningur						
Eignir samtals	2.510	2.448	2.639	3.016	3.394	3.810
Eigið fé	590	508	598	732	893	1.035
Skuldir og skuldbindingar	1.920	1.940	2.041	2.284	2.501	2.775
Sjóðsstreymi						
Veltufé frá rekstri	70	88	249	281	315	309
Fjárfestingar	17	180	158	495	455	488
Handbært fé í árslok	234	45	146	101	109	131

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Tekjur A- og B-hluta

Heildartekjur Sveitarfélagsins Voga árið 2024 eru áætlaðar 2.207 m.kr.

Útsvar



Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga og er áætlað að hlutdeild þess í heildarskatttekjum ársins 2024 muni nema 1.159 m.kr. Hlutdeildin hefur aukist um 12,1% milli ára miðað við útkomuspá fyrir líðandi ár. Útvarsstofnin tekur mið af atvinnutekjum þeirra íbúa sem eiga skráð lögheimili í sveitarfélaginu og fjölda þeirra.

Fasteignaskattar




Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hækkar fasteignamat í sveitarfélaginu um 13,4% milli árana 2023 og 2024. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 14,4% á árinu 2023 sem skýrist af hvoru tveggja hækkun húsnæðisverðs og fjölgun eigna. Áætlaðar tekjur af fasteignasköttum á árinu 2024 nema 218,3 m.kr. borið saman við 181,8 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2023.

Framlög úr Jöfnunarsjóði



Framlög frá Jöfnunarsjóði fara eftir þeim fjármunum sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á hverju ári og staðbundnum forsendum hvers sveitarfélags. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að heildarframlög sjóðsins til Sveitarfélagsins Voga muni nema rúmlega 551 m.kr. á árinu 2024.

Hlutfallsleg skipting tekna 2024



- Útsvar
- Framlög Jöfnunarsjóðs
- Fasteignaskattur
- Aðrar tekjur

Gjaldskrár




Almennt er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun, þ.e. að þjónustugjöld haldist óbreytt að raungildi á milli ára. Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að árshækkun vísitölu neysliverðs á árinu 2023 verði 8,7% en við endurskoðun gjaldskrár er miðað við 8% hækkun að jafnaði milli ára.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Tekjur A- og B-hluta – Framlög Jöfnunarsjóðs

Framlög Jöfnunarsjóðs 2020-2024, að frátöldum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk og samþættingar þjónustu í þágu barna

M.kr.	2020	2021	2022	2023*	2024*
Tekjujöfnunarframlög	31,7	22,9	20,8	22,9	24,5
Útgjaldajöfnunarframlög	116,4	140,2	152,8	174,8	220,1
Grunnskólaframlag	102,0	101,1	112,7	121,2	133,9
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	10,8	10,0	9,4	9,9	16,3
Framlög vegna ÍSAT nemenda	3,8	3,8	5,9	3,1	9,1
Fasteignaskattsframlög	31,2	35,2	53,0	58,3	68,3
Önnur framlög	0,0	7,5	0,0	0,0	0,0
Samtals framlög	295,8	320,6	354,6	390,1	472,1



Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum frá Jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir að framlög hækki um 21% á milli árána 2023 og 2024 og muni nema 472,1 m.kr. á árinu 2024 að frádrögnum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk og samþættingarþjónustu í þágu barna.

Að meðtöldum þeim framlögum sem renna beint til sameiginlegs þjónusturekstrar Sveitarfélagsins Voga og Suðurnesjabæjar er áætlað að framlög frá Jöfnunarsjóði muni nema um 551,2 m.kr. á árinu 2024.

Á síðustu árum hafa tekjur sveitarfélagsins frá Jöfnunarsjóði sveiflast talsvert og miðað við framlög á hvern íbúa, staðvirt með verðvísitölu samneyslu, hafa framlögin dregist saman um 26,7% að raungildi frá árinu 2017. Á árinu 2024 er áætlað að framlag á hvern íbúa verði um 299 þúsund krónur og hækki um 1,8% að raungildi á milli ára.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Gjöld A og B hluta



Launakostnaður

Áætlað er að heildarlaunakostnaður að meðtalinni breytingu á lífeyrisskuldbindingu aukist um tæplega 131 m.kr. á milli ára og verði um 1.166 m.kr. á árinu 2024. Auk áætlaðra kjarasamningsbundinna hækkana skýrist aukinn launakostnaður að verulegu leyti af yfirfærslu reksturs íþróttamiðstöðvar en sveitarfélagið tók aftur við rekstri hennar í byrjun desember á þessu ári. Á móti hækkun launakostnaðar vegna þessara breytinga lækkar því annar rekstrarkostnaður um samsvarandi fjárhæð. Þrátt fyrir þessa breytingu og talsverða íbúafjölgun er áætlað að laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum lækki á milli ára og verði 51,8% á árinu 2024 samanborið við 53,9% á árinu 2023.



Annar rekstrarkostnaður

Stærstur hluti annars rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður, s.s. vegna orkukaupa, trygginga og ýmissa samninga. Gert er ráð fyrir talsverðri hagræðingu í öðrum rekstrarkostnaði og að áfram verði unnið að því að auka hagkvæmni í öllum innkaupum sveitarfélagsins. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður alls 754,8 m.kr. á árinu 2024 borið saman við 716,5 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2023 sem samsvarar um 5,3% hækkun á milli ára.

Launakostnaður m.kr.

944	1.035	1.166	1.281	1.401	1.525
2022	2023	2024	2025	2026	2027
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun

Annar rekstrarkostnaður m.kr.


664	717	755	777	796	817
2022	2023	2024	2025	2026	2027
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun

Rekstrargjöld alls m.kr.

1.608	1.752	1.921	2.058	2.197	2.342
2022	2023	2024	2025	2026	2027
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Áætluð rekstrarniðurstaða A- og B-hluta



Árið 2024 er gert ráð fyrir að ríflega 218 m.kr. rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði og rekstrarniðurstaða verði um 90 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 249 m.kr.



Rekstrargjöld eru áætluð 1.921. m.kr. á árinu 2024 eða sem nemur 9,4% hækkun gjalda frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 1.142 m.kr., breyting lífeyrisskuldbindinga 23,6 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 754,8 m.kr.



Fjármagnsgjöld eru áætluð 128,4 m.kr. á árinu 2024, þar af eru verðbætur áætlaðar 66,8 m.kr.




Heildareignir eru áætlaðar 2.639 m.kr. í árslok 2024, skuldir og skuldbindingar 2.041 m.kr. og eigið fé 597,7 m.kr..



Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.207 m.kr. á árinu 2024 sem nemur um 17,3% hækkun frá fyrra ári, þar af eru skatttekjur áætlaðar 1.392 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 553,5 m.kr. og aðrar tekjur 261,7 m.kr..


Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Aðrar lykiltölur A- og B-hluta



Framlegðarhlutfall

Framlegðarhlutfall er áætlað 13% á árinu 2024 sem er talsverð hækkun frá útkomuspá fyrir árið 2023 sem gerir ráð fyrir að framlegðarhlutfallið verði 6,9% á yfirstandandi rekstrarári.



Skuldaviðmið


Skuldaviðmið er áætlað 72,9% í árslok 2024 en samkvæmt útkomuspá er gert ráð fyrir að viðmiðið standi í 85,6% í lok yfirstandandi rekstrarárs.

Skuldaviðmið er samtala skulda og skuldbindinga samstæðu A- og B-hluta að frádregnum veltufjármunum, lífeyrisskuldbindingum og leiguskuldbindingum ríkissjóðs sem hlutfall af tekjum samstæðunnar. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki fara yfir 150%.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Aðrar lykiltölur A- og B-hluta

Rekstrarjöfnuður þriggja ára - Jafnvægisregla, m.kr.



Jafnvægisreglan

Samkvæmt lögum mega samanlögð útgjöld til rekstrar samstæðu A- og B-hluta sveitarfélaga ekki vera hærri en samanlagðar tekjur samstæðunnar á hverju þriggja ára tímabili.

Vegna Kórónuveirufaraldursins samþykkti Alþingi að víkja til hliðar tímabundið fjármálareglum sveitarfélaga, með m.a. svokallaðri jafnvægisreglu. Þegar fjármálareglurnar taka gildi á ný árið 2026 mun jafnvægisreglan taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024 og 2025 auk áætlunar 2026.

Gangi áætlunir Sveitarfélagsins Voga eftir mun sveitarfélagið uppfylla markmið laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri, þ.m.t. kröfuna um jákvæðan rekstrarjöfnuð til þriggja ára, eða svokallaða jafnvægisreglu.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar



Fjárfestingaáætlun 2024-2027

Framkvæmdaverkefni, m.kr.	2024	2025	2026	2027
Húsnæðismál Stóru-Vogaskóla - rakaviðgerðir	24,0	25,0	25,0	25,0
Leikskóli - kennslustofur	80,0	85,0	-	-
Fráveita, lokafrágangur v. Grænubyggðar og ný sjólögn	15,0	-	52,5	52,5
Endurnýjun gatnalýsingar - lýsing göngustíga	5,0	-	-	-
Endurnýjun gatna, Vogagerði, Tjarnargata og Ægisgata	0,0	85,0	62,0	110,0
Betra Ísland verkefni	0,0	10,0	10,0	10,0
Göngu- og hjólastígur á Stapa	15,0	15,0	15,0	-
Útsýnispallur við höfn - 20% af heildarkostnaði	3,2	-	-	-
Staðarborg - bílastæði	0,8	-	-	-
Umferðaröryggisáætlun - aðgerðir	5,0	5,0	5,0	5,0
Hönnun og bygging viðbyggingar við Stóru-Vogaskóla		250,0	250,0	250,0
Uppbygging íþróttamannvirkja og meiriháttar viðhald		25,0	40,0	40,0
Jarðvegstíppur	10,0	-	-	-
Samtals	158,0	500,0	459,5	492,5

Fjárfestingaáætlun ársins 2024 auk áætlunar fyrir árin 2025-2027 er lögð fram samhliða rekstraráætlun.

Samhliða mikilli fjölgun íbúa skapast þörf fyrir innviðaupbyggingu auk annarra brýnna verkefna, s.s. viðhaldi fasteigna. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir fyrsta áfanga við stækkun Heilsuleikskólans Suðurvalla með uppsetningu færanlegrar kennslustofu. Unnið verður markvisst að viðgerðum á húsnæði Stóru-Vogaskóla á næstu árum, göngu- og hjólastígagerð, hönnun og byggingu viðbyggingar við Stóru-Vogaskóla og viðhald og uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Samtals eru fjárfestingar áætlaðar um 158 m.kr. á næsta ári en í heild eru fjárfestingar á áætlunartímabilinu 2024-2027 áætlaðar um 1,6 milljarður króna.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Málaflokkar - Aðalsjóður



Félagsþjónusta

Undir málaflokkinn flokkast og greinist allur kostnaður við félagsþjónustu sveitarfélaga, málefni aldraðra, þjónustu við fatlað fólk og barnavernd. Heildaráætlun málaflokksins er 263 m.kr. á árinu 2024 sem er um 3,7% aukning á heildarkostnaði miðað við útkomuspá fyrir árið 2023. Veigamikill hluti áætlunarinnar byggir á áætlun félagsþjónustu Suðurnesjabæjar en þeir rekstrarþættir sem Sveitarfélagið Vogar ber sjálft ábyrgð á eru áætlaðir sérstaklega.



Fræðslu- og uppeldimál

Fræðslu- og uppeldimál eru stærsti málaflokkur sveitarfélagsins með tilliti til heildarkostnaðar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 879,2 m.kr. og eykst um 81,2 m.kr. á milli ára eða sem nemur 10,2% miðað við útskomuspá fyrir árið 2023. Rekstur grunnskóla og leikskóla eru stærstu einstöku kostnaðarliðirnir en undir málaflokkinn er einnig færður kostnaður vegna hlutdeildar í rekstri Skólaskrifstofu Suðurnesjabæjar, rekstur frístundaskóla, tónlistarskóla, skólaeldhúss o.fl.



Menningarmál

Undir þessum málaflokki telst allur kostnaður og framlög sveitarfélagsins vegna menningarmála, svo sem safna, menningarhúsa, söguritunar, hátíðarhalda og fleira þ.h.. Undir málaflokkinn fellur rekstur bókasafns, og Tjarnarsalar og menningartengdir styrkir. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 29,6 m.kr. borið saman við 39,5 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2023. Lækkun á kostnaði milli ára skýrist einkum af breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnskipulagi sveitarfélagsins og niðurlagningu starfs menningarfulltrúa.



Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þennan málaflokk fellur kostnaður við tómsundastarf barna og unglinga, rekstur félagsmiðstöðva, íþróttasvæða, íþróttahúsa og sundlauga o.fl. Styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga flokkast einnig hér. Áætlaður heildarkostnaður málaflokksins árið 2024 er 194,5 m.kr. eða sem nemur 2,8% hækkun miðað við útkomuspá fyrir árið 2023.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Málaflokkar - Aðalsjóður



Brunamál og almannavarnir

Hér flokkast allur rekstrarkostnaður vegna bruna- og almannavarna hjá sveitarfélaginu. Rekstur slökkvistöðvar eða þátttaka í slíkum kostnaði með öðrum sveitarfélögum flokkast á þennan málaflokk, svo og útlagður kostnaður vegna náttúruhamfara. Málaflokkurinn í heild sinni er áætlaður 37,4 m.kr. á árinu 2024 borið saman við 33,3 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2023.



Hreinlætismál

Undir þessum lið eru færðar tekjur og gjöld sormála, sem og framlag Sveitarfélagsins til reksturs heilbrigðiseftirlits. Rekstur málaflokksins í heild sinni er áætlaður 7 m.kr. árið 2024 en áætluð hækkun kostnaðar við málaflokkinn milli ára nemur 9,7%.



Skipulags- og byggingarmál

Hér flokkast kostnaður vegna skipulagsnefndar, rekstur skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, lóðaskráningar, gerð skipulagsáætlana, þ.e. vegna svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags. Hér flokkast einnig kostnaður við landmælingar, kortagerð, bæja- og húsakannanir og fornleifaskráningu. Heildarkostnaður við málaflokkinn er áætlaður 39,2 m.kr. á árinu 2024.



Umferðar- og samgöngumál

Hér flokkast kostnaður vegna gatnakerfis og umferðarmála, t.d. viðhald og rekstur gatna, götulýsingu, umferðar- og gatnamerkingar, gangstíga og gangbrautir, reiðvegi, snjómokstur og hálkueyðingu. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 47,9 m.kr. á árinu 2024.



Umhverfismál

Hér flokkast kostnaður vegna þjónustumiðstöðvar og annar sameiginlegur kostnaður vegna umhverfismála, s.s. rekstur og viðhald almenningsgarða og hreinsun gatna og lóða. Hér flokkast einnig kostnaður við refa- og minkaeyðingu, kostnaður vegna útiskreytinga um jól og áramót svo og vegna annarra hátíðaskreytinga. Á málaflokkinn flokkast styrkir og framlög til félaga og samtaka sem sinna umhverfismálum, svo sem skógræktarfélag. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 96,2 m.kr. á árinu 2024.



Sameiginlegur kostnaður

Undir þennan málaflokk fellur allur kostnaður við sameiginlega yfirstjórn sveitarfélagsins, svo sem bæjarstjórn og bæjarráð, endurskoðun, rekstur bæjarskrifstofu, samstarf sveitarfélaga og kosningar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 251,4 m.kr. á árinu 2024.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2024

Málaflokkar - Aðalsjóður



Velferðarmál

Félagþjónusta, málefni aldraðra, þjónusta við fatlað fólk og barnavernd.

Fræðslu- og uppeldismál

Grunnskólar, leikskólar, frístundaheimili, tónlistarskóli og stoðþjónusta.

Menningar-, æskulýðs- og íþróttamál

Bókasafn, íþróttir, félagsmiðstöð o.fl..

Sameiginlegur kostnaður

Bæjarskrifstofa, bæjarstjórn, samstarf sveitarfélaga, kosningar o.fl..

Umhverfismál

Brunavarnir, sorpmál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, opin svæði o.fl..


Fjármunatekjur og gjöld

Brunavarnir, sorpmál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, opin svæði o.fl..

Annar kostnaður

Atvinnumál, framlög til B-hluta fyrirtækja og breyting lífeyrisskuldbindinga

Skipting útgjalda eftir málaflokkum 2024



- Velferðarmál
- Fræðslu- og uppeldismál
- Menningar- æskulýðs og íþróttamál
- Umhverfismál
- Sameiginlegur kostnaður
- Fjármunatekjur og gjöld
- Annar kostnaður



**SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR**